

Gylfi Páll Hersir  
Framnesvegur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2021  
UST202106-230/I.M.B.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - gosrás Strokks á Geysissvæðinu**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Gylfa Páls Hersir, dagsett 21. júní 2021, um leyfi til rannsóknar á gosrás Strokks innan Geysissvæðisins á tímabilinu 19.-25. júlí 2021.

Geysissvæðið er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 660/2020. Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að brjóta og nema á brott hverahrúður, jarðveg og steina. Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og rannsóknir á menningarminjum svæðisins sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Rannsóknir á hveraörverum eru auk þess háðar leyfi Orkustofnunar, sbr. 34. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar fyrir Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til rannsóknar á gosrás Strokks sem könnuð verður með endurteknum viðnámsmælingum. Viðnámsmælingarnar verða gerðar með TEM (transient electromagnetic) aðferð í umhverfi Strokks í 2-3 daga á 15-30 mínútna fresti til að kanna enn frekar gosrásina. Mælingarnar munu taka um 8-10 klst. á dag á mismunandi stöðum á svæðinu í kringum Strokk eftir línunum sem sýndar eru á mynd sem fylgdi umsókninni. Allur tækjabúnaður verður á yfirborði og gengið verður með tækin þar sem þeim verður fyrirkomið á meðan mælingum stendur. Við TEM mælingarnar er lagður vír á jörðina í sem sendur er straumur eftir. Mælt er hvernig segulsviðið sem straumurinn spanar upp dofnar. Lítil straumsendir og spennumælir verða notaðir við verkefnið. Þessar mælingar verða endurteknar nokkrum sinnum þá 2-3 daga sem rannsóknir standa yfir. Tækin verða ekki á staðnum á nóttunni. Mælitækin liggja ofanjarðar og valda því ekki jarðraski og engin sýni verða tekin.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Rannsakandi óskar eftir að fara út fyrir bönd við Strokk og þarf að fara eftir fyrirmælum landvarða/sérfræðings með hvar er best að fara þannig að hverahrúður brotni ekki.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Gylfa Páli Hersir fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókn á gosrás Strokks innan Geysissvæðisins sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 19. - 25. júlí að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að ganga á eða brjóta hverahrúður á svæðinu.
- Rannsóknaraðilar skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Koma skal fyrir skilti á rannsóknarstað um að rannsókn sé í gangi og að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Sækja þarf um leyfi til Orkustofnunar fyrir rannsóknnum á jarðhitasvæðum.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



**UMHVERFIS**  
STOFNUN

Valdimar Kristjánsson  
*sérfræðingur*

Freyja Pétursdóttir  
*sérfræðingur*